

8. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 16. sept. 2010 í félagsheimilinu Þórsveri. Fundur hófst kl. 17:00

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri og Björn G. Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að fá að setja inn tvo nýja liði, erindi frá Guðmundi Vilhjálmssyni sem yrði liður nr.11 og erindi frá Hilmu Steinarsdóttir fyrir hönd þorralblótsnefndar sem yrði liður 12, annað færist neðar. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá :

- 1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 02.09.2010**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fundargerð hafnarnefndar dags. 10.09.2010**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3. Fundargerð fræðslunefndar dags. 11.09.2010**
Í fundargerðinni leggur skólanefnd til að tekið verði upp þrepakerfi í grunnskólanum á Þórshöfn sem agastjórnunartæki með viðbótarkostnaði sem gæti numið allt að 400.000 kr. á ársgrundvelli.
Samþykkt samhljóða með vísan í endurskoðun fjárhagsáætlunar 2010
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26.08.2010**
Lögð fram til kynningar.
- 5. Fundargerð Eyþings dags. 03.09.2010**
Er þetta fyrsti fundur vinnuhóps um sameiningarkosti á svæði Eyþings og var markmið fundarins að ræða og meta sameiningakosti á svæðinu og kalla eftir viðhorfi sveitarstjórna til sameiningar. Nanna vék af fundi
Lögð fram til kynningar.
- 6. Skýrsla sveitarstjóra.**
Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
- 7. Erindi vegna leikskólaláss. dags. 31.08.2010**
Erindi frá Lindu E. Pehrsson og Sigurði J. Jónssyni þar sem óskað er undanþágu fyrir son þeirra á leikskólann Barnaból þar sem ekki er um að ræða neina dagforeldri á Þórshöfn.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til fræðslunefndar.
- 8. Bréf frá samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum dags.03.09.2010**
Eins og vitað er, hafa orðið miklar hækkanir á raforkuverði án þess að niðurgreiðslur hafi fylgt þeim hækkunum. Í dag eru niðurgreiðslur til húshitunar um 960 milljónir en hefðu þær fylgt verðlagsþróun frá árinu 2005 ættu þær að vera 1.500 milljónir króna.
Sveitarstjórn Langanesbyggðar skorar á þingmenn Norðausturkjördæmis að standa vörð um niðurgreiðslur til húshitunar.
Samþykkt samhljóða
- 9. Bréf frá fjárlaganefnd Alþingis dags. 08.09.2010**
Í bréfinu býður fjárlaganefnd fulltrúum sveitarfélaga að venju til viðtals vegna verkefna heima í héraði í septemberlok.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að undirbúa gögn fyrir fund með fjárlaganefnd í samvinnu við sveitarstjórnarmenn.

10. Umsókn um styrk dags.02.09.2010

Í umsókninni er verið að sækja um styrk að upphæð 70.000 kr. vegna hrútadagsins á Raufarhöfn.

Samþykkt að hafna umsókninni með 5 atkv.og einn sat hjá..

11. Erindi Guðmundar Vilhjálmssonar.

Í erindinu er Guðmundur að óska eftir lækkun á húsaleigu í félagsheimilinu Þórsveri vegna haustfagnaðar.

Samþykkt samhljóða að lækka reikninginn um sem nemur kostnaði við þrif á húsnæðinu þar sem þrif voru innifalin í útleigu hússins.

12. Erindi frá þorablótsnefnd.

Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri kynni sér málið betur.

13. Skýrsla menningar-og ferðafulltrúa

Lögð fram til kynningar.

14. Sex mánaðar uppgjör Langanesbyggðar.

Lagt fram til kynningar.

Nanna kom til fundar 18:30

Reimar vék af fundi 18:48

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.
Fundu slitið kl. 20:06